

## Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um nauðgunarmál.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hversu margar nauðganir hafa verið tilkynntar til löggæslu- eða heilbrigðisyfirvalda á ári frá 1977 til 2000?
2. Hafa þessar nauðganir verið tilkynntar:
  - a. til lögreglufirvalda,
  - b. til neyðarmóttöku (eftir 1993),
  - c. til heilbrigðisyfirvalda annarra en neyðarmóttöku,
  - d. annað (hvert)?
3. Hversu margar nauðganir hafa sætt lögreglurannsókn á ári frá 1977 til 2000?
4. Hversu mörg nauðgunarmál hafa lögreglufirvöld sent ríkissaksóknara á ári frá 1977 til 2000?
5. Hversu margar ákærur hefur ríkissaksóknari gefið út í nauðgunarmálum á ári frá 1977 til 2000?
6. Hversu mörg nauðgunarmál hafa komið fyrir dóm á ári frá 1977 til 2000?
7. Hversu mörgum nauðgunarmálum hefur lokið með dómi á ári frá 1977 til 2000?
8. Hversu margir sýknuðómar hafa verið kveðnir upp í nauðgunarmálum á ári frá 1977 til 2000?
9. Hversu margir dómar hafa fallið í nauðgunarmálum þar sem sakfelld hefur verið fyrir nauðgun eða tilraun til nauðgunar á ári frá 1977 til 2000?
10. Hversu mörgum dómum í nauðgunarmálum hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar og hvernig hafa dómar í þeim málum falið?
11. Er um þessar mundir unnið að sértækum aðgerðum á vegum dómsmálaráðuneytisins til að bregðast við ástandinu í þessum málaflokki eða stemma stigu við brotum af þessu tagi?

### Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Samkvæmt nýjustu könnunum sem gerðar hafa verið á nauðgunarmálum í Bretlandi, á Norðurlöndunum og víðar í Vestur-Evrópu koma í ljós sláandi staðreyndir um feril nauðgunarmála í löggæslu- og dómskerfinu og virðast niðurstöðurnar nokkuð samhljóða í mismunandi löndum: tilkynntum nauðgunum og ákærum í nauðgunarmálum fjölga en sakfellingar standa nokkurn veginn í stað.

Talsvert af þeim upplýsingum sem beðið er um í þessari fyrirspurn er nú þegar hægt að finna í eldri þingskjöllum og í skýrslu nauðgunarmálanefndar frá 1989, en til að öðlast yfirsýn yfir heildstæða þróun þessara mála á Íslandi er orðið tímabært að bera saman þær tölur sem aðgengilegar eru fram til dagsins í dag.